



Nefndasvið Alþingis,  
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd,  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 08.03.2010  
Tilv. 60.12

Vísað er til bréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem Fiskistofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (Þskj. 667 - 370. mál).

Fiskistofa þakkar fyrir að hafa fengið ofangreint lagafrumvarp til umsagnar og vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi frumvarpið.

Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt að þess verði gætt að nægilegur tími líði frá samþykkt þess og/eða gildistöku þar til veiðar samkvæmt lögnum hefjast til að Fiskistofa geti lokið nauðsynlegum undirbúningi og ráðstöfunum hvað varðar forritun upplýsingakerfa, útgáfu veiðileyfa og skipulag eftirlits.

Æskilegt væri að afstaða yrði tekin til þess og það yrði þá skýrlega á um það kveðið í lögnum ef ráð er fyrir því gert að brot gegn reglum varði sviptingu strandveiðileyfis samkvæmt sömu eða svipuðum reglum, skilyrðum og sjónarmiðum og eiga við um sviptingu leyfa til veiða í atvinnuskyni, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Í því sambandi kann að vera nauðsynlegt að setja í lög sérstakar málsmeðferðarreglur sem taka mið af því að samkvæmt frumvarpinu standa strandveiðarnar um takmarkaðan tíma (1. maí til 31. ágúst) og því kann, að fenginni reynslu, að vera örðugleikum háð að undirbúa töku ákvörðunar um sviptingu strandveiðileyfis samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga þannig að veiðileyfissvipting geti komið til framkvæmda fyrri lok veiðitímabils, einkum þó ef brot á sér stað seint á tímabilinu.


Þá telur Fiskistofa óljóst hvað við er átt með eftirfarandi orðum í athugasemd með 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins:

*Af þessu leiðir að ekki er gert ráð fyrir að strandveiðar séu stundaðar af aðilum sem eiga yfir mörgum skipum að ráða.*

Miðað við orðalag ákvæðisins í lagafrumvarpinu má gera ráð fyrir fyrir að átt sé við að sami aðili geti aðeins stundað strandveiðar á einu skipi jafnvel þó að hann hafi yfir fleiri skipum að

ráða sem uppfylla önnur skilyrði laganna. Ef sá skilningur er réttur telur Fiskistofa rétt að orðalagi tilvitnaðar málsgreinar í athugasemdum með frumvarpinu verði breytt þannig að ekki fari á milli mála hvað átt er við.

Virðingarfyllst,



Arni Múli Jónasson,  
fiskistofustjóri